



Vestmannaeyjum, 31. maí 2024

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir)

Númer þingmáls: 1114

Sendandi: Vestmannaeyjabær

Vísað er til yfirlýsinga ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stjórnvöld myndu grípa til tiltekinna aðgerða til að styðja við sameigileg markmið stjórnvalda og samningsaðila um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta.

Styðja átti með þessu málefni barnafjölskyldna og ein aðgerðin snýr að því að útfæra leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar á árunum 2024-2027.

Ríkið gefur sér að áætluð bein þátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða allra grunnskólabarna nemi um fimm milljörðum kr. á ári. Ríkið leggur til í gegnum framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nemur 75% af þessum kostnaði með tilmælum um að sveitarfélögin greiði mismuninn.

- Sveitarfélögin hafa þegar ýmsar leiðir til að aðstoða fjölskyldur sem standa fjárhagslega illa og sérstaklega varðandi úrræði fyrir börn og ungmenni. Skólamáltíðir eru þegar niðurgreiddar eða greiddar að fullu og boðið er upp á annan fjárhagslegan stuðning við börn sem búa við fátækt.
- Ýmsar aðrar og mun virkari leiðir eru til staðar til að tryggja kaupmátt og bæta lífskjör tekjulágra hópa og draga þannig úr fátækt barna, t.d. í gegnum skattakerfið.
- Kostnaður vegna skólamáltíða er þegar niðurgreiddur að stórum hluta hjá sveitarfélögum og ekki er vitað hvort það komi fram í áætlaðri tölu sem ríkið gefur upp.
- Raunkostnaður vegna skólamáltíða er misjafn eftir stöðum, s.s. vegna hærri aðflutningsgjalda o.s.frv. Tillaga frumvarpsins um að dreifa fjármagni eftir fjölda nemenda mun þannig mæta þeim kostnaði á ójafnan máta, mun það bitna á minni sveitarfélögum og landsbyggðinni.
- Þessar aðgerðir, þ.e. að bæta lífskjör og kaupmátt fólks og styðja við málefni barnafjölskyldna með það að markmiði að draga úr fátækt meðal barna eru hugsaðar til þriggja ára. Hvað tekur við eftir þann tíma og er eitthvað sem tryggir að ástandið verði öðru vísi eftir þann tíma? Væntingarnar verða áfram til staðar en spurningin er hvaða

skref ríkið tekur þá og því hætta á að sveitarfélögin sitji uppi með kostnaðinn að þremur árum liðnum og jafnvel fyrr vegna vanfjármögunar frá ríkinu.

- Áhyggjur eru af því hvert gjaldfrjálsar skólamáltíðir munu leiða okkur. Fram kemur í 23. gr. laga um grunnskóla að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Það eru því gerðar ákveðnar lögbundnar kröfur til skólamáltíða.
- Sveitarfélög hafa um tíma þróað þessa þjónustu eftir þeirri eftirspurn sem kemur upp í tengslum við skólastarfið. Aðstaða fyrir nemendur er útbúin, stundaskrárgerð aðlöguð að matartímum og innkaup á skólamáltíð samkvæmt gæðakröfum miðaðst við fjölda nemenda. Með þessum aðgerðum er tekið mjög stórt stökk sem riðlar skipulagi skóladagsins og hefur fjárhagsleg áhrif á rekstur sveitarfélaga.
- Gjaldfrjáls skólamáltíð mun hugsanlega leiða til fjölgunar á nemendum sem óska eftir skólamáltíð. Það gæti kallað á stærri aðstöðu svo hægt sé að taka við fleiri nemendum á sama tíma, eða matmálstími mun dreifast á lengri tíma (jafnvel 3-4 klst.) til að dreifa fjöldanum sem er í mat á hverjum tíma og magn skólamáltíðaeininga eykst. Kostnaðurinn eykst (sem ekki er inni í núverandi kostnaðartölum), líklega þarf að breyta stundaskrárgerð til samræmis við dreifðari matmálstíma, kaupa þarf meiri borðbúnað og fjölga starfsmönnum sem þarf að sinna skólamáltíðum (umsjón og frágang) o.fl.
- Gera má ráð fyrir töluverðri aukningu í matarsóun þar sem innkaup og fjöldi matarskammta miðast við fjölda nemenda sem skráðir eru í mat hverju sinni en ekki hver daglegur raunfjöldi er. Raunfjöldinn getur ákvarðast af því hvað er í matinn hverju sinni og að það þyki ekki tiltökumál að sleppa máltíðum því þær eru „fríar”.

Vel er hægt að taka undir það að í ákveðnum tilfellum geta ókeypis skólamáltíðir skipt sköpum fyrir börn af fátækum heimilum. Sveitarfélög hafa haft leiðir í gegnum velferðarþjónustu sína til þess að tryggja börnum í slíkum aðstæðum máltíðir, t.d. með fjárhagsaðstoð til forráðamanna til að greiða fyrir skólamáltíðir barna sinna. Fullyrðing um að frumvarpið (gjaldfrjálsar skólamáltíðir) hafi áhrif á lýðheilsu þar sem ófullnægjandi næring er ein af meginorsökum margra langtímaafleiðinga barnafátæktar er sterk fullyrðing en dugar ekki ein og sér til að rökstyðja gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir alla.

Það að áætlaður kostnaður niðurgreiðslunnar til sveitarfélaga eigi að greiðast í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ber vott um það að tillögur starfshóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um leiðir til útfærslu niðurgreiðslunnar hafi ekki haft mikið vægi. Vestmannaeyjabær er sammála starfshópnum um að sleppa mætti aðkomu Jöfnunarsjóðs og telur brýnt að það verði endurskoðað í frumvarpinu verði það samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Vestmannaeyjabæjar

Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs